

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Spóastaðir, sumarhúshverfi.*

Gerð er breyting á gildandi deiliskipulagi frístundasvæðis við Dynjandisveg í landi Spóastaða. Breytingin nær til 35 ha svæðis og 40 lóða og tekur til breytinga á nýtingarhlutfalli ásamt byggingarmagni á lóðum. Nýtingarhlutfall lóða frá nr. 1-23 verður allt að 0,045 og á lóðum nr. 24-46 allt að 0,03. Heimilt verður að byggja allt að 40 m<sup>2</sup> aukahús/gestahús og allt að 15 m<sup>2</sup> smáhýsi á lóðum.

Við gildistöku þessarar deiliskipulagsbreytingar fellur úr gildi núgildandi deiliskipulag við Dynjandisveg.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. mars 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 9. júní 2020.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 10. júní 2020